

KJÖLFESTA

Fréttabréf stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu

Kjölur stéttarfélag • Ráðhústorgi 3 • 602 Akureyri • Sími 525 8383 • www.kjolur.is • Mars 2010 • 1. tölublað • 7. árgangur



Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar 2009-2010

Orlof 2010



Útgefandi:

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu
Ráðhústorgi 3
Pósthólf 75
602 Akureyri
Sími: 525 8383 Fax: 525 8393
kjolur@kjolur.is
www.kjolur.is

Ritnefnd:

Lára Ágústa Ólafsdóttir, ritstjóri
Margrét Ásgeirsdóttir
Sigurbjörg Haraldsdóttir

Forsíður:

Brúin yfir Glerá
Hjólborur í sparibúningi
Ljósm: Agnes Skúladóttir

Ábyrgðarmaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Merking:

Fjölsmiðjan á Akureyri

Starfsmenn skrifstofu KJALAR:

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður
jakobina@kjolur.is

Margrét Árnadóttir, fulltrúi
margret@kjolur.is

Stjórn KJALAR 2008 – 2011:

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður
jakobina@kjolur.is

Guðbjörg Antonsdóttir, varaformaður
gudbjorga@gmail.com

Hulda Magnúsdóttir, ritari
hulda@fjallabyggd.is

Ingunn Jóhannesdóttir, gjaldkeri
ingunn28@simnet.is

Bára Garðarsdóttir, meðstjórnandi
bara@hhv.is

Sævar Herbertsson, meðstjórnandi
sherb@simnet.is

Kristín Sigurðardóttir, meðstjórnandi
kristins@akureyri.is

Ingvar Kristinsson, varamaður
ingvark@dalvik.is

Jórunn Guðsteinsdóttir, varamaður
jgudsteinsdottir@gmail.com

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu var haldinn 15. apríl 2009 í sal Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og var fjárfundarsamband við Dalvík, Siglufjörð og Borgarnes. Einnig stóð til boða að senda til Skagastrandar, Hvammstanga og Blönduóss en þangað mættu engir. Alls mættu á fundinn um 40 manns. Ákveðið var að draga meðal þeirra sem mættu til fundarins vinninga sem voru gistimiðar fyrir tvo á Foss-Hótelin. Vinningshafar voru: Arna Hafsteinsdóttir Dalvík, Arngerður Sigtryggssdóttir Borgarnesi og Sævar Herbertsson Akureyri. Auk venjulegra aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu haldinn 15. apríl 2009 krefst þess að sveitarfélög og stjórnvöld hafi viðtækt samráð um þær aðgerðir sem gripa þarf til vegna ástandsins í efnahagsmálum. Viðræður við samtök launafólks er grundvöllur þess að vel gangi í endurskipulagningu samfélagsins á félagslegum grunni.

Fundurinn gerir þá kröfu að samráð verði við stéttarfélög áður en gripid er til aðgerða og niðurskurðar á kjörum starfsmanna í opinberri þjónustu. Fundurinn mótmælir harðlega skerðingu launa þeirra lægst launuðu í samfélaginu.

Að viðhalda kaupmætti launa er einn mikilvægasti þáttur í því að halda hjólum samfélagsins gangandi og að standa vörð um heimilin í landinu.

Aðalfundur KJALAR telur með öllu óviðunandi að launa-fólk beri hitann og þungann af efnahagshruninu og krefst fundurinn þess að sveitarfélög og stjórnvöld beiti sér til varnar almennings með öllum ráðum.

Á árinu hefur stjórnin haldið sex fundi, þar af tvo símafundi. Þá var einn sérstakur vinnufundur þar sem farið var yfir starfssemi félagsins og hvað betur mætti fara.

Skrifstofan og félagsmenn

Kjarninn í daglegu starfi skrifstofunnar er leiðsögn og upplýsingaþjónusta til félagsmanna varðandi kjarasamninga og réttindamál, enda er það hlutverk skrifstofu KJALAR að gæta hagsmuna félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra. Skrifstofan sér um greiðslur úr Fræðslusjóði KJALAR og annast útleigu fyrir orlofsjóð á þeim úrræðum sem hann hefur upp á að bjóða. Skrifstofa KJALAR er við Ráðhústorgið á Akureyri og er opin daglega frá



KJALAR 2009 – 2010

10:00 til 16:00 en vinnutími starfsmanna er sveigjanlegur frá 08:00 til 17:00. Formaður félagsins, Arna Jakobína er í 100% starfi og auk hennar starfar Margrét Árnadóttir fulltrúi, einnig í 100 % starfi.

Rekstur félagsins

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, þegar þetta er skrifað í febrúar 2010, voru tekjur félagssjóðs kr. 29.016.220 en gjöldin kr. 26.072.246. Eftir að tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða er hagnaður félagssjóðs kr. 4.658.601. Félagssjóður er sá sjóður sem er fjármagnaður með einu prósentu félagsgjalds félagsmanns af öllum launum. Ekki gerum við ráð fyrir neinum breytingum á aðalfundi á gjaldinu, en þar er félagsgjald ákveðið ár hvert. Félagsmenn eru 914, starfsmenn sveitarfélaga eru 566, ríkisstarfsmenn eru 251 og starfsmenn annarra vinnuveitenda eru 97.



Frá aðalfundi 2009

Fræðslumál

Félagið vill að möguleikar félagsmanna til náms endurspegli þarfir þeirra og að félagsmenn þekki almennt vel til þeirra kosta sem bjóðast. Sí- og endurmenntun á að vera almenn meðal félagsmanna. Félagið á að stuðla að því að menntunarmöguleikar bjóðist sem flestum og að allir félagsmenn eigi rétt til styrkja vegna náms. Kynna skal rétt til styrkja með markvissum hætti á heimasíðu og í annarri útgáfu á vegum félagsins.

Fræðslusjóður

Iðgjöld til sjóðsins voru kr. 7.252.852. Samþykktar voru 269 umsóknir á árinu en þremur var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki reglur sjóðsins. Alls voru greiddar kr. 5.983.448 í styrki og er því meðalstyrkur kr. 22.240 og hefur lækkað frá árinu á undan þegar meðalstyrkur var kr. 38.000.

Hagnaður var af rekstri sjóðsins þetta árið og nam hagnaðurinn kr. 2.481.639 eftir að vaxtatekjur hafa verið lagðar við. Hrein eign hans í árslok 2009 nam samkvæmt efnahagsreikningi tæpum 25 milljónum króna.

Námsstyrkir voru kr. 5.713.150 og styrkir vegna ferða- og kynnisferða erlendis og innanlands kr. 270.298 en sami liður var árið 2008 kr. 3.861.994 svo um umtalsverða fækkun slíkra ferða er að ræða.

Hámarksfjárhæð til hvers félagsmanns hefur því ekki hækkað og verður áfram kr. 120.000 á hverjum tveimur árum. Frá 1. janúar 2008 var ákveðið að styrkja lífsleikninámskeið án beinnar tengingar við starf, það er 50% af gjaldi, hámark kr. 10.000 árlega.

Í stjórn Fræðslusjóðsins eru: Arna


Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörg Antonsdóttir, Ingunn Jóhannesdóttir og Jórunn Guðsteinsdóttir.

Mannauðssjóður KJALAR - starfsmenn sveitarfélaga

Sjóðurinn sinnir markmiðum sínum á sviði símenntunar og mannauðs með því að veita styrki til: a) sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða í sjóðinn, b) KJALAR stéttarfélags og c) verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur eða á aðkomu að. Sjóðurinn tók til starfa í maí 2009. Á árinu 2008 voru samþykktir styrkir til eftirfarandi verkefna: Markviss starfsmannafræðsla, Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar, Gerum betur - þjónustunámskeið, ráðhúss, sundlauga og skíðastaða. Skólaritara- og skrifstofunám – Akureyrarbær, skyndihjálparnámskeið félagsmiðstöðva, sundlaugar, skíðastaða, framhald. Gerum betur, Akureyrarbær, þarfragreining hjá starfsmönnum í Rósenborg Akureyri. Samþykktir voru styrkir vegna verkefna á árinu 2008. Stjórnin hefur ákveðið að bjóða sveitarfélögum „Ráðgjafa að láni“ til að skipuleggja aðra fræðslu en ekkert sveitarfélag hefur nýtt sér þann möguleika.

Rekstrartekjur fyrir árið 2009 voru kr. 5.311.757, alls voru greiddir út styrkir kr. 3.807.837 er hagnaður sjóðsins eftir að tekið er tillit til fjármagnsliða kr. 2.171.977.

Í stjórn sjóðsins eru: Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir og Hermann Tómasson. Stjórnin hefur haldið 2 fundi.



Stjórn sjóðsins heldur fundi í janúar og september og oftár ef þurfa þykir.

Þróunar- og símenntunarsjóður - ríkisstarfsmenn

Markmið sjóðsins er að auka möguleika stofnana ríkisins á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma og efla símenntun félagsmanna. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði símenntunar sem eru í samræmi við markmið hans til: a) ráðuneyta, stofnana og vinnuveitenda sem í sjóðinn greiða, b) hlutaðeigandi stéttarfélag, c) verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur. Umsóknir skulu sendar stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda. Engar umsóknir bárust frá stofnunum félagsmanna KJALAR þetta árið. Sjóðurinn er samstarfssjóður bæjarstarfsmannafélaga sem semja við ríkið. Stjórn sjóðsins skipa: Fulltrúi KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og með henni er Unnur Sigmarsdóttir Starfsmannafélagi Vestmannaeyja. Fulltrúar fjármálaráðherra eru Ásta Lára Leósdóttir og Ásgeir Ásgeirsson.



Lára Gunnarsdóttir og Margrét Árnadóttir draga út vinningshafa frá aðalfundi 2009.

Vísindasjóður KJALAR v/ tónlistarkennara

Vísindasjóðurinn er eingöngu fyrir tónlistarskólakennara og veitir styrki til þróunarstarfs, rannsókna, námsgagnagerðar og greiðir einnig laun til framhaldsnáms. Engir styrkir voru greiddir á árinu 2009. Innkoma í sjóðinn var kr. 392.162 með fjármagnstekjum er hagnaður sjóðsins kr. 732.403.

Guðný Erla Guðmundsdóttir er fulltrúi tónlistarkennara í sjóðsstjórn.

Vísindasjóður KJALAR v/ háskólamanna

Stjórnin úthlutar einu sinni á ári úr A- hluta og var hver styrkur fyrir 100% starf allt árið 2009 kr. 120.000. Alls sóttu 16 félagsmenn um styrk og var þeim öllum úthlutað miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hanna Rósa Sveinsdóttir er formaður sjóðsstjórnar og meðstjórnendur eru Lára Ágústa Ólafsdóttir og Arna Jakobína Björnsdóttir. Tekjur sjóðsins voru 1.092.649 en hann var rekinn með tapi að upphæð kr. 821.828.



Fræðsluþing Starfsmennt


Öll námskeið Fræðsluþingsins standa félagsmönnum til boða endurgjaldslaust. Fræðsluþingið gefur út myndarlega námskrá á hverri önn þar sem kynt er það sem á önninni. Heimasíða þeirra er mjög fullkomin og er þar hægt að sækja um allt sem í boði er hverju sinni. Hver félagsmaður, sem einu sinni hefur farið þarna á námskeið, á sitt svæði og getur farið og skoðað stöðu sína á námskeiðum sem sótt hafa verið og náð þar í viðurkenningar síðar ef þarf. Slóðin er www.smennt.is

Stjórn setursins er þannig skipuð Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar fulltrúi SFR og Arna Jakobína Björnsdóttir, fulltrúar fjármálaráðuneytis Guðmundur H. Guðmundsson, varaformaður og Ásgeir Kristinnsson.

Vísindasjóður háskólamenntaðra félagsmanna B – hluta, auglýsir eftir umsóknum til styrkja

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri sjóðfélaga til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Sjóðurinn greiði styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, sem stéttarfélagið eða einstök fagfélög eða félagshópar standa fyrir, aukabóknun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni, og aðstoði sjóðfélaga til endurmenntunar eða á annan hátt samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

**Umsóknum skal skila til skrifstofu KJALAR
fyrir 1. maí 2010.**



KJÖLFESTA

Fréttabréf stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu

Kjölur stéttarfélag • Ráðhústorgi 3 • 602 Akureyri • Sími 525 8383 • www.kjolur.is • Mars 2010 • 2. tölublað • 7. árgangur



Orlof 2010

Umsóknir um dvöl í
orlofshúsnæði KJALAR
þarf að skrá rafrænt í síðasta
lagi 5. apríl á www.kjolur.is

Sumarleiga orlofshúsa 12. maí. - 10. september 2010

Lyngás

Sumarhús KJALAR í Reykjaskógi, Efri-Reykjum, Biskupstungum, er 95 km frá Reykjavík. Það er með þremur svefnherbergjum og búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmstæði eru fyrir nú og tvær aukadýnur, sængur og koddar eru í húsinu. Heitur pottur er við húsið.



Lyngás.

Starfsmannafélag Selfoss er með næsta bústað við og á lóðarmörkum er sameiginlegur barnaleikvöllur fyrir bæði húsin. Orlofsbyggðin er bæði með einkaaðilum og félagasamtökum. Hvorki þjónustumiðstöð eða verslun er í hverfinu en 14 km eru til Laugarvatns annars vegar og til Geysis hins vegar. Hafa þarf með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurkur, borðklúta o.þ.h.

Vikuleiga 14. maí - 10. september
Leiguverð kr. 18.000.

Sólheimar 25 - íbúð 1004 -

Ásheimar, er þriggja herbergja íbúð (95 fm) í göngufæri við Grasagarðinn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Laugardalslaug. Íbúðin er á 10. hæð og þaðan er stórkostlegt útsýni yfir borgina.



Sólheimar 25.

Í íbúðinni eru rúm fyrir sex, barnarúm og auk þess fjórar dýnur til að hafa á gólf. Íbúðin er búin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmföt, diskapurkur og borðklútar fylgja.

Lyklar eru afhentir frá skrifstofu KJALAR.
Vikuleiga 12. maí - 8. september
Leiguverð kr. 18.000.

Sólheimar 27 - íbúð 9c og 11c

Þar eru tvær þriggja herbergja íbúðir (75 fm) í göngufæri við Grasagarðinn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Laugardalslaug. Íbúðirnar eru á 9. og 11. hæð. Í hvorri íbúð eru rúm fyrir fjóra, barnarúm og þrjár dýnur til að hafa á gólf. Íbúðirnar eru búnar öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmföt, diskapurkur og borðklútar fylgja.



Sólheimar 27.



Lyklar eru afhentir frá skrifstofu KJALAR.
Vikuleiga 12. maí - 8. september
Leiguverð kr. 16.000.

Vaðlaborgir

Sumarhúsabyggðin Vaðlaborgir í Vaðlaheiði er þyrping orlofshúsa sem er á fallegum stað í Eyjafirði, gegnt Akureyri. Örstutt er yfir fjörðinn til Akureyrar þar sem fyrir er fjölbreytt þjónusta og afþreying, svo sem verslanir, veitingastaðir, leikhús, sundlaug, söfn, Skíðastaðir, Skautahöllin, keiluhöll og margt fleira.

Orlofshúsið er á einni hæð. Það skiptist í forstofu, hjónaherbergi, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og úti-

geymslu. Rúmstæði eru fyrir átta og eru átta sængur og koddar. Húsið er búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Vandaður sólpallur á tveimur pöllum, alls 76 m² ásamt heitum potti. Hafa þarf með sér sængurfatnað (lín, handklæði, diskapurkur, borðklúta o.þ.h.).



Vaðlaborgir

Vikuleiga 14. maí - 10. september
Leiguverð kr. 21.000.

Munaðarnes

Í orlofshúsabyggð BSRB í Munaðarnesi og Stóru Skógum eru 95 hús og hefur KJÖLUR þrjú hús þar til umráða. (hús nr. 21, 36, og 37) Hús nr. 21 stendur við Vörðuás nálægt þjónustumiðstöðinni.



Munaðarnes 37.

Í húsinu eru rúmstæði fyrir 6 í tveimur herbergjum. Borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns.

Hús nr. 36 og 37 standa nyrst í Eyrarhlíð. Í þeim eru rúmstæði fyrir 6 manns í þremur herbergjum. Hafa þarf með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurkur, borðklúta o.þ.h. Borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns. Heitur pottur er við öll húsin.

Afgreiðsla lykla er í þjónustumiðstöðinni.
Vikuleiga 14. maí - 10. september
Leiguverð kr. 18.000.

Flugávisanir með Iceland Express Fyrstur kemur fyrstur fær - frá 15. mars 2010

Til sölu eru flugávisanir til félagsmanna (*svokölluð „gjafabréf“*) sem þeir geta notað sem greiðslu upp í hluta af flugfargjaldi hjá Iceland Express.



Gjafabréfið kosta kr. 15.000.- sem er um 40% afsláttur af viðmiðunarfargjaldi félagsins, sem er kr. 25.000.- Með gjafabréfið í höndunum getur félagsmaður lækkað flugfargjald þar sem gjafabréfið gildir sem 25.000.- króna innborgun. Hægt verður að nota gjafabréfin í allar ferðir Iceland Express og gildir þá einu hvort um venjulegt flug eða sérstök tilboð á flugi er að ræða.

Nánari upplýsingar eru á www.icelandexpress.is

Umsækjandi getur sótt um á heimasíðu félagsins www.kjolur.is *orlofsmál/bókunarsíða orlofsvefs undir afsláttarávisanir* og í síma 525-8383 milli kl. 10:00 og 16:00 alla virka daga. Hámark tvær flugávisanir á hvern félagsmann.

Gildistími flugávisana er til 15/3 2012 í tvö ár frá útgáfudegi, ferðatímabilið þremur mánuðum lengur en gildistími, það verður að vera búið að bóka fyrir lok gildistímans.

Hótel EDDA

Á orlofsvef KJALAR er til sölu gistimiði sem gildir fyrir tvo í herbergi með handlaug án morgunverðar. Hægt er að borga viðbótargjald fyrir herbergi með baði.

Verð á gistimiða kr. 5.000,-

Gistimiðinn gildir á öll Eddu hótelin víða um land. Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu. Allar frekari upplýsingar veittar í síma 444 – 4000 og edda@hoteledda.is. Upplýsingar um hótelin má fá á heimasíðu www.hoteledda.is.



FOSS-hótel

Á orlofsvef KJALAR eru til sölu gistimiðar sem gilda allt árið. Gistimiðinn gildir fyrir gistingu í tveggja manna herbergi ásamt morgunverði. Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu. Auka rúm kr. 4.000,-

Í júlí og ágúst skal greiða 2 gistimiða fyrir eina nótt.

Verð á gistimiða er kr. 7.500.



KEA-hótel

Á orlofsvef KJALAR eru til sölu gistiávisanir sem gilda allt árið.

Hver ávísun kostar kr. 3.500,- og er að verðgildi kr. 5.000,-

Mest má nota tvær gistiávisanir í einu við hverja pöntun.



Minni Borg

Minni Borg er við Biskupstungnabraut, í 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Í göngufæri frá húsunum eru nýlenduvörverslun og bensínsala.

Húsið er með þremur svefnherbergjum og búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Í tveimur herbergjum niðri eru tvöföld rúm og er ein kaja yfir rúmi í öðru herberginu. Á rúmgóðu efra lofti eru einnig tvö tvöföld rúm. Þá eru líka tvær aukadýnur fyrir krakka til að sofa á gólfi. Þetta hús er sérstaklega hentugt t.d. fyrir 2 fjölskyldur. Stór verönd er við húsið með heitum potti og sturtu. Stutt er á leikvöll fyrir börnin.



Minni Borg.

Vikuleiga: 11. júní – 25. júní, – 2. júlí – 9. júlí og 6. ágúst – 27. ágúst.

Leiguverð: Kr. 21.000,-

Miðar í Hvalfjarðargöngin

Hægt er að kaupa staka miða í Hvalfjarðargöngin.

Hver miði kostar 520 kr.

Skrifstofan póstsendir til þeirra sem þess óska.

Lambhagi, Biskupstungum

Sumarhúsið Lambhagi er í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og stendur við veg nr. 355. Hvorki þjónustumiðstöð eða verslun er í hverfinu en 10 km eru til Laugarvatns.

Húsið er með þremur svefnherbergjum og búið öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Rúmstæði eru fyrir níu og tvær aukadýnur, sængur og koddar eru í húsinu en hafa þarf með sér sængurfatnað eða leigja hann á staðnum. Heitur pottur og útisturta er við húsið.



Lambhagi

Vikuleiga: 4. júní – 20. ágúst

Leiguverð: Kr. 21.000,-

Eiðar


Á orlofshúsasvæði BSRB að Eiðum eru 17 hús og hefur KJÖLUR eitt þeirra til umráða. Húsið er með tveim svefnherbergjum og rúmstæði eru fyrir sex manns.

Húsið stendur í einstaklega skemmtilegu, kjarri vöxnu landi við Eiðavatn. Hægt er að róa út á vatnið og heimilt er að veiða þar en árabátur og björgunarvesti fylgja húsinu. Afgreiðsla lykla og rúm-fata fer fram á Edduhótelinu á Eiðum.

Margt er hægt að skoða í nánasta umhverfi Eiða og merktar gönguleiðir eru við Eiðavatn. Til Egilsstaða eru um 14 km, þar sem eru sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta. Golfvöllur er í Fellabæ.

Vikuleiga: 11. júní – 10. sept.

Leiguverð: Kr. 16.000,-



Eiðar.

Umgengnisreglur

Orlofshúsin eru sameign okkar allra félagsmanna KJALAR og nauðsynlegt að við sameinumst um að umgangast þau með því hugarfari. Nauðsynlegt er að þrifa dvalarstaðinn vel við brottför og hafa að leiðarljósi að skilja við hann eins og þú sjálf/ur vilt koma að honum. Verði vanhöld á þrifum, samkvæmt mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, getur það varðað áminningu og að leigutaka verði gert að greiða staðlað þrifagjald, 3.500 kr.

Ef um meiri háttar vanhöld á þrifum er að ræða, sem útheimta meiri útgjöld fyrir orlofsþjónu, getur gjaldið orðið herra. Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annarra.

Reykingar – eru bannaðar innandyra í öllum dvalarstöðum.

Við biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega með eld utandyra og flegja ekki sigrettustubbum á lóðir við húsin.

Dýrahald. Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr með sér í húsin.

Einarsstaðir

Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp er í öllum húsunum. Í húsinu sem KJÖLUR hefur yfir að ráða eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu.



Einarsstaðir.

Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og kofa þar yfir, en kofur eru í minnsta herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll húsin á svæðinu. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og auka dýnur.

Bústaðirnir standa í Eyjólfsstaðaskógi, göngustígar eru um skógin. Egilsstaðir eru í 11 km fjarlægð frá bústöðunum, þar er rekin upplýsingamiðstöð ferðamála og hægt er að nálgast þar allar upplýsingar um viðburði og afþreyingarmöguleika.

Vikuleiga: 11. júní – 20. ágúst

Leiguverð: Kr. 16.000,-

Tröllagil



Tröllagil 29.

Tröllagil 29 íbúð 701 er á 7. hæð í fjölbýlishúsi í Giljahverfi á Akureyri. Frábært útsýni er til suðurs og vesturs. Íbúðin er með tveimur herbergjum, stofu og eldhúskrók. Íbúðin er útbúin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Svefnstæði eru fyrir sex: Tvíbreitt rúm, tvö einstaklingsrúm og tvær lausar dýnur. Sex sængur og koddar fylgja. Hafa þarf með sér sængurfatnað. Á hverri hæð er þvottahús til afnota.

Leigutími: 4. júní – 20. ágúst.

Leiguverð: Kr. 16.000,-

Umsóknir

þurfa að berast rafrænt fyrir

5. apríl 2010

www.kjolur.is

Hólar í Hjaltadal

Nýtt!



Hólar í Hjaltadal, Skagafirði, þar sem nú er skólasetur og ferðamannaþjónusta. Um er að ræða 98 ferm. 5 herbergja íbúð í Nemendagörðum Hólaskóla Nátthaga 21 íbúð 1.1. Húsið er í um það bil 5 mín. göngufæri frá dómkirkjunni, ferðaþjónustunni og fjölbreyttum gönguleiðum um Hólaskóg.

Einnig er í nágrenninu margvíslegir möguleikar til afþreyingar, söfn, veiði, golf, sundlaugar og fl. Íbúðin er útbúin öllum nauðsynlegum húsbúnaði. Hún er með fjórum svefnherbergjum, samliggjandi stofu og eldhúsi, ágætlega stóru baðherbergi og geymslu. Svefnstæði eru fyrir fimm: Tvö 90 cm breið rúm í einu herbergi, þrjú einstaklingsrúm og þrjár lausar dýnur. Sex sængur og koddar fylgja.

Hafa þarf með sér sængurfatnað.

Leigutími: 2. júlí til 27. ágúst

Leiguverð: Kr. 18.000,-

Sundstræti 11, Ísafjörður

KJÖLUR hefur tekið á leigu í fimm vikur í sumar, lítið einbýlishús á eyrinni í miðbæ Ísafjarðar. Húsið er mjög gott fyrir 4 en svefnpláss er fyrir allt að 6. Húsið er u.þ.b. 70 fm að stærð, tveggja hæða, auk kjallara (sem er ekki inn í fermetratölu).

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, undir súð. Í öðru eru tvö 90 cm breið rúm og í hinu er eitt 140 cm breitt rúm. Í stofunni er svefnsofi sem er 115 cm á breidd. Einnig eru tvö ferðarúm sem hægt er að bæta við í herbergi. Ferðabarnarúm og barnastóll eru einnig á staðnum. Sængur eru fyrir 6. Hafa þarf með sér sængurfatnað og rúmföt. Handklæði, viskastykki og tuskur fylgja.

Í eldhúsi eru mataráhöld fyrir 12, örbylgjuofn, uppþvottavél, kaffivél, hraðsuðuketill, brauðrist o.fl. Þvottavél er á baðherbergi. Gasgrill er á staðnum. Góð verönd fyrir utan húsið. Í stofu er útvarp, sjónvarp, DVD, VHS og hljómflutningstæki.

Gestir eru beðnir að kynna sér vel upplýsingamöppu hússins.

Vikuleiga: 2. júlí – 6. ágúst

Leiguverð: Kr. 16.000,-

Nýtt!



**Varmahlíð Skagafirði
Reykjarhólsvegur 14**

Bústaðurinn er 50 m². Gisting er fyrir 6 manns. Í stofu er horn-sófi/svefnsófi, útvarp með geislaspilara, DVD og sjónvarp. Svefnherbergi eru tvö. Tvö einbreið rúm eru í báðum herbergjum. Sængur og koddar eru fyrir 6. Hafa þarf með sér sængurfatnað. Í eldhúsi er eldavél með ofni, ísskápur og örbylgjuofn. WC er með sturtu. Úti er verönd með útihúsgögnum, gasgrilli og heitum potti. Stutt er í leikadstöðu fyrir börn. Í næsta nágrenni er rafting, hestaleigur, gönguleiðir í skóginum, sundlaug o.fl.

Athugið! Reykingar eru ekki leyfðar innandyrá.

Gæludýr eru ekki leyfð.

Leigutími: 9. júlí til 27. ágúst

Leiguverð: Kr. 18.000,-

Orlofsdvöl að eigin vali

Ákveðið hefur verið að halda áfram með að gefa félagsmönnum kost á að sækja um styrk sem er kallaður „Orlofsdvöl að eigin vali“. Fjármagnið sem verður til skiptanna í ár er kr. 1.000.000,- og verður hver styrkur að upphæð kr. 20.000. Styrkjunum er úthlutað með sama hætti og um vikudvöl í sumarhúsi væri að ræða. Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni. Framvísa þarf löglega númeruðum vsk reikningi sem gefinn er út á umsækjanda styrksins. Dæmi um orlofsdvöl að eigin vali geta verið dvöl á hóteli, í tjaldvagni, í fellihýsi, orlofsferð erlendis (sólarferð eða annað).

Aldrei er greitt hærra en 50% af útlögðum dvalarkostnaði.

Spánn

Nýtt!

Glæsileg íbúð til leigu í Orihula ca 3 km sunnan við Torrevieja. Íbúðin er um 56 m² auk þaksvala sem eru 45 m². Íbúðin, sem var tekin í notkun í nóvember 2004 er með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi, stofu og eldhúsi. Íbúðin er á efri hæð í húsi með 12 íbúðum í og eru nokkur önnur hús í garðinum, sem er afgirtur með stórri og góðri sundlaug og barnalaug.

Allir algengustu húsmunir og eldhúsaúhöld fylgja. Svefnstæði eru fyrir sex manns þ.e. hjónarúm í hjónaherbergi, tvö einstaklingsrúm í aukaherbergi og svefnsófi í stofu. Fimm sängur (íslenskar) og koddar fylgja auk hefðbundinna laka og teppa (fyrir 4) sem notuð eru á suðrænum slóðum.

Íbúðin er ekki í úthlutun heldur gildir reglan „*fyrstur kemur fyrstur fær*“.

Bókanir hefjast þann 15. mars nk.



Úthlutunarreglur á orlofshúsum

1. Umsækjendur fara á vef félagsins, bókunarsíðu orlofsvefs og senda inn umsóknir rafrænt. Allar umsóknir leggjast í afgreiðslugrunn kerfisins og biða úthlutunar. Umsækjendur fær staðfestingu með tölvupósti um að umsóknir hafi verið móttæknar.
2. Úthlutun á sér stað á fyrirfram ákveðnum tíma sem auglýstur hefur verið. Kerfið hefur þá reiknað út punktastöðu hvers félagsmanns og úthlutar eftir þeim réttindum sem þar koma fram. Umsækjendur sem fá úthlutað fá staðfestingarbréf með númeri úthlutunar. Þeir sem ekki fá úthlutað fá synjunarbréf en fara jafnframt sjálfkrafa á biðlista.
3. Þegar umsækjandi hyggst greiða fyrir orlofshús er farið inn á orlofshúsavefinn með kennitölu og netfangi, liðurinn úthlutanir valinn og þar slegið inn númer úthlutunar. Þá kemur upp greiðsluform þar sem hægt er að greiða með greiðslukorti. Fari greiðsla ekki fram innan tilskilins tíma fellur úthlutunin niður og fær þá næsti maður á biðlista úthlutað.
4. Ef félagsmenn hafna úthlutunum, þá er unnið úr biðlistum. Eftir það opnast kerfið og gildir þá reglan „*fyrstur kemur - fyrstur fær*“.
5. Þeir mánuðir sem opnir eru; yfirstandandi mánuður og 3 mánuðir fram í tímann.

Dæmi: Þann 1. júní opnar fyrir september. Þann 1. júlí bætist októbermánuður inn o.s.fr.

Leiðbeiningar um bókunarvef orlofssjóðs




1

Fyrst er farið inn á vefinn www.kjolur.is




2

Finna bókunarsíðu undir orlofsmál.



3


Slá inn kennitölu og netfang.



4

Velja KJÖL. Ef BSRB er valið þá er hægt að bóka hús í Stóruskógum og lítil hús í Munaðarnesi og Reynihlið, sem er stórt hús í Munaðarnesi.

5



Pegar greitt hefur verið fyrir hús þá er alltaf hægt að nálgast kvittun hér undir.

Hér er hægt að sjá stöðu punkta en punktastaða ræður úthlutun.

Hér er farið og keyptir gistinguþing á hótlin og gjafabréf hjá Iceland Express.

Hér er hægt að sjá yfir allar eignir hvað er laust og hvað er upptekið.

Hér þarf að fara inn og skrá óskir um sumarúthlutun. Óskaviku, eina viku til vara og varaviku nr. tvö skal líka skrá.

Árið 2009	Fjöldi húsa	Frá 15/5 til 18/9 2009			
		Gistinætur í boði	Nýttar gistinætur		
Sólheimar 25, 27 9c og 11c	3	378	351	93	%
Munaðanes hús 21, 36, 37,	3	378	256	68	%
Lyngás	1	126	111	88	%
Einarsstaðir	1	63	62	98	%
Eiðar	1	102	65	64	%
Ísafjörður. Sundsstræti	1	36	36	100	%
Tröllagil 29	1	75	67	89	%
Vaðlaborgir	1	126	121	96	%
Danmörk	1	42	42	100	%
Minni Borgir	1	27	27	100	%
Rimatjörn Syðri -Reykir	1	78	71	91	%
Alls:	15	1.431	1.209	84	%

Orlofsmál

Orlofsnefndina skipa: Auður Kinberg, Ólafur Sigurðsson, Ingunn Jóhannesdóttir, Lára Þorvaldsdóttir, Sævar Herbertsson og Pétur Ásgeirsson. Orlofsnefndin hefur verið að sinna viðhaldi og laga það sem betur má fara í orlofseignum félagsins.

Lyngás, hús félagsins í Biskupstungum, var tekið í notkun 1996. Húsið var málað að utan og sett ný eldhúsinnrétting, ný eldavél með bakaraofni, ísskápur og uppþvottavél. Brotist var inn í bústaðinn og þaðan stolið, flatskjá, DVD spilara, kaffivél, örbylgjuofni, útvarpi og fimm sængum. Tryggingar hafa bætt tjónið en engar skemmdir voru unnar á húsinu þar sem lykklakassinn hafði verið brottinn upp.

Vaðlaborgir voru teknar í notkun 2007, fyrst í leigu en síðan keypti félagið húsið 2008. Húsið var málað að innan og með vorinu verður fúavarið að utan. Eldhúsinnréttingu var breytt svo koma mætti fyrir örbylgjuofni. Settur var stofuskápur fyrir sjónvarp og efri skápur fyrir glervöru. Stefnt er að breytingum á grindverki umhverfis pottinn þannig að gler verði að hluta. Ein fura var gróðursett og eitt blá-greni. Laga þarf umhverfis lóð vegna vatnavaxta.

Húsið á Eiðum var tekið í notkun 1983. Unnið er að endurbótum á vegi og bíla-stæðum. Settur var nýr og stærri sólpallur við húsið. Bátabyrggja var smíðuð og settur geymsluskúr niður við vatn fyrir árar og fleira tengt bátum. Unnið er að breytingum innandyra þannig að þar verða tvö rúm-góð herbergi í stað þriggja og ný eldhúsinnrétting sett upp með nýjum tækjum og uppþvottavél.

Húsin í Munaðarnesi númer 21, 36 og 37 voru tekin í notkun 1975. Verið er að undirbúa breytingar á húsunum en ekki er komin niðurstaða í hvernig þeim verður breytt og eða endurskipulögð.

Íbúðin í Sólheimum 25 1004 var keypt 1999, þar hafa verið tvö herbergi með sex rúmum þ.e. fjögur í einu herberginu. Unnið er að gera það herbergi að tveimur eins og teikning íbúðarinnar gerir ráð fyrir. Íbúðin verður síðan máluð.

Íbúðin í Sólheimum 27 9c var keypt 1989. Íbúðin verður máluð innandyra.

Þá hefur félagið samið um gistinguáhrif fyrir félagsmenn á Edduhótelin og Fosshótelin á mjög góðu verði og bætir nú KEA hótélum í hópinn. Á síðasta ári buðum við til sölu 50 afsláttarmiða með Iceland Express og stendur til að endurtaka leikinn í ár en fjöldi miða verður ekki eins mikill. Orlofsvika að eigin vali stóð fólki til boða sl. sumar og voru félagsmenn að nota það upp í utanlandsferðir og á tjaldstæðin á Íslandi.

Að auki hefur félagið tekið á leigu hús-

næði á Minni Borgum, Syðri Reykjum, Ísafirði, Varmahlíð, Akureyri og eina auka íbúð í Reykjavík allt árið. Boðið verður upp á leigu í húsi á Spáni og munum við bara leigja það sem við komum til með að nota. Þar mun gilda reglan fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar og ítarefni er að finna á heimasíðu félagsins www.kjolur.is

Kjaramál

Kjarasamningar vegna starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, Hjallastefnu, Dalbæjar, Norðurorku hf. og tónlistarkennara voru lausir á vordögum 2009. Á vettvangi heildarsamtakanna var unnið að gerð stöðugleikasáttmála sem var undirritaður af öllum aðilum vinnumarkaðsins þann 25. júní 2009. Í kjölfar hans var síðan hafist handa að gera kjarasamninga á grundvelli sáttmálans. Gildistími er til 30. nóvember 2010. Í samkomulaginu felast leiðréttingar á lægstu launum eins og gert var ráð fyrir í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Persónu- og orlofs-uppbót hækkka. Í bókunum er m.a. að finna nýtt ákvæði um aðkomu aðildarféлага BSRB að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Ný launatafla tók gildi 1. júlí 2009. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að 180 þúsund hækkuðu 1. júlí 2009 og 1. nóvember 2009 um kr. 6.750.- í hvort skipti en hækkuðu minna að kr. 210.000. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram kr. 210.000.- hækkuðu ekki. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að kr. 285.000.- hækkka 1. júní 2010 um kr. 6.500.- en hækkka minna að kr. 310.000.- Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram kr. 310.000.-



Fulltrúar fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu með ríkissáttasemjara Magnús Pétursson á milli sín.

Símanúmer KJALAR er 525 8383

eru óbreytt. Þá fylgir samningnum sameiginleg framkvæmdaáætlun. Þar er m.a. um að ræða verkefni í tengslum við vaktavinnufyrirkomulag, slysatryggingar, bættastöðu trúnaðarmanna og fleira sem vinna á að á samningstímanum.

Í kjölfarið á ríkissamningnum var samið við Launanevnd sveitarfélaga og skrifað undir nýjan kjarasamning þann 8. júní. Samningurinn er mjög á svipuðum nótum og kjarasamningar sem undirritaðir voru við ríkið. Gildistími samnings er 1. júlí 2009 – 30. nóvember 2010. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að kr. 180.000 hækkuðu 1. júlí 2009 og 1. nóvember 2009 um kr. 6.750.- en hækkuðu minna frá 180.000 kr. að 210.000. Laun umfram 210.000 kr í júlí og 220.000 kr. í nóvember 2009 tóku ekki hækkunum. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að kr. 180.000.- hækka 1. júní 2010 um kr. 6.500.- en hækka minna að kr. 225.000. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram kr. 225.000.- eru óbreytt. Orlofsuppbót árið 2010 verður kr. 25.800. Kjarasamningi við Dalbæ heimili aldraða á Dalvík var vísað til ríkissáttasemjara þar sem ekki náðist samband við samningsaðila. Með aðstoð hans var samningur síðan undirritaður þann 28. sept. sl. við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu fyrir hönd Dalbæjar. Samningurinn er í meginatriðum sá sami og skrifað var undir við Launanevnd sveitarfélaga fyrr um sumarið. Einnig samþykkti Dalbær að draga til baka ákvörðun sína um breytt fyrirkomulag á uppgjöri á svokölluðum 25 mín. vaktavinnufólks.

Kjarasamningur við Hjallastefnuna tók sömu breytingum og kjarasamningur við sveitarfélögin. Samningar við Norðurorku hf. var gerður árið áður og gildir til 31. desember 2010.



Fulltrúar KJALAR á þingi BSRB.

Atvinnuástand

Félagsmenn KJALAR hafa ekki farið varhluta af niðurskurði bæði hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum. Öll yfirvinna hefur verið tekin af svo og önnur atriði eins og fastar síma- og aksturgræiðslur. Uppsagnir á starfshlutfalli starfsmanna í grunn- og leikskólum í Borgarbyggð, og að ekki hefur verið ráðið í allar stöður sem hafa losnað þar. Breytingar eru í farvatninu á Siglufirði vegna sameiningar á sveitarfélögum en er ekki komið til framkvæmda. Um mánaðamótin janúar og febrúar voru 22 félagsmenn á atvinnuleysisráðum. Allir þeir sem kjósa að greiða félagsgjald til félagsins af atvinnuleysisbótum tryggja þar með félagsleg réttindi sín. Þeir hafa rétt til þjónustu og endurgreiðslu úr Fræðslusjóði, af

sumum styrkjum frá Styrktarsjóði BSRB og rétt til orlofshúsa. Vinnuástand þjónustar atvinnuleitendur með ýmsu móti og eiga allir þar rétt á viðtali við ráðgjafa. Í lögum um vinnuarkaðsaðgerðir eru tiltekin helstu vinnuarkaðsúræði sem Vinnuástandstofnun skal annast, en þar er um að ræða styttri námskeið, starfstengd úrræði, námsúræði, atvinnutengd endurhæfing og ráðgjöf. Þá kemur fram í lögum um atvinnuleysisstryggingar að Vinnuástandstofnun sé heimilt að veita styrki úr Atvinnuleysisstryggingasjóði vegna þátttöku þeirra sem tryggðir eru úr sjóðnum í vinnuarkaðsaðgerðum. Vinnuástandstofnun skal reka þjónustustöðvar um landið skv. ákvörðun félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar jafnframt tíu manna stjórn Vinnuástandstofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn, sem skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Þá skipar félagsmálaráðherra sjö manna svæðisbundin vinnuarkaðsráð sem skulu vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnuástandstofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnuarkaðsúræðum. Arna Jakóbína Björnsdóttir situr í stjórn Vinnuástandstofnunar sem fulltrúi BSRB. Hanna Rósa Sveinsdóttir félagsmaður KJALAR er formaður vinnuarkaðsráðs Norðurlands eystra, hún er fulltrúi BSRB.

Sjá heimasíðu www.vinnuamalastofnun.is



Undirskrift kjarasamninga við ríkið í júlí 2009. Fv. Ásta Lára Leósdóttir, Guðmundur H. Guðmundsson, Gunnar Björnsson og Árni Stefán Jónsson fulltrúi BSRB.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGAMÁL

Fréttablöð

Ritnefnd skipa Lára Ágústa Ólafsdóttir ritstjóri, Margrét Ásgeirsdóttir og Sigurbjörg



Undirskrift samninga við Launanefnd sveitarfélaga í júlí 2009. Fv. Arna Jakobína Björnsdóttir, Elín Björg Jónsdóttir og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson formaður LN.

Haraldsdóttir. Þrjú tölublað af fréttabréfinu KJÖLFESTU voru gefin út á árinu 2009. Þar af var eitt tölublað eingöngu unnið fyrir orlofsnefnd þar sem kynnt var framboð nefndarinnar sumarið 2009. Eitt tölublað var svo tileinkað aðalfundi og tengdu efni. Þriðja blaðið var tileinkað 5 ára afmæli KJALAR stéttarfélags þar sem tekin voru viðtöl við Önnu Ólafsdóttur fyrrverandi formann Starfsmannafélags Borgarbyggðar, Áslaugu Magnúsdóttur sem starfað hefur í orlofsnefnd frá 1970 og við formann KJALAR Örnunni Jakóbínu Björnsdóttur um starfið í dag og framtíðina. Fastir liðir „í dagsins önn“ voru á sínum stað en þar var talað við Báru Garðarsdóttur fyrrverandi formann FOSHÚN, Ingvar Kristinsson fyrrverandi formann Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar og Brynhildi Baldursdóttir fyrrverandi trúnaðarmann á Siglufirði. Sagan á bak við nafnið KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu var kynnt. Valgeir Magnússon kynnti náms- og starfsráðgjöf sem er til boða hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt, Starfsendurhæfingarsjóðurinn *Virk* var kynntur og ráðgjafateymi hans á félagssvæði KJALAR.

Þá var myndagáta og er lausn hennar:

KJÖLUR fimm ára orðinn er á hann eftir að vaxa. Góður tími í hönd nú fer þá mun hann kjölinn festa.

Alls bárust fjögur rétt svör svo dregið var um vinningshafann. Vikudvöl í orlofs húsi KJALAR kom í hlut Ástu Garðarsdóttur Akureyri.

Vinnutímabók

Félagið gaf út vinnutímabók eins og mörg undanfarin ár og nýtur hún alltaf jafn-

mikilla vinsælda. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi félagsins og ábendingar um ýmis réttindi. Nýjum félögum er send bókin þegar þeir koma á félagaskrá.

Segja má að heimasíðan, www.kjolur.is sé skrifstofan sem opin er allan sólarhringinn. Þar er hægt að afla sér upplýsinga um kjara- og réttindamál og einnig má nálgast þar ýmis eyðublað. Á heimasíðunni er hægt að sækja um námsstyrki og þar er líka að finna allar upplýsingar um orlofshús á vegum félagsins. Tekinn var upp bókunarvefur fyrir orlofshúsin þar sem sjálfvirkni er á afgreiðslu á orlofsmöguleikum.

Kerfið heldur utan um réttindi og forgangsroð félagsmanna við úthlutun orlofshúsa og geymir síðan réttindastöðu félagsmanna og sögu úthlutana. Kerfið var tekið í notkun sl. sumar og hefur reynslan verið nokkuð góð af því. Félagsmenn voru fljótir að læra að notfæra sér sjálfsafgreiðsluformið. Nú við sumarúthlutun þarf að bóka allar pantanir í kerfið sem síðan úthlutar eftir punktakerfi. Félagsmenn geta farið inn á vefinn og skoðað punktastöðu sína og gert athugasemdir við hana ef þurfa þykir.

Trúnaðarmenn / trúnaðarmannaráð

Haldinn var fræðsludagur trúnaðarmanna 13. október s.l. að Hótel KEA. Á þessum fundi var farið yfir það helsta í starfi félagsins og var nokkur umræða um kjarasamninga sem undirritaðir voru sl. sumar. Auðunn Atlason frá utanríkisráðuneytinu sá um kynningu á ESB og Þorsteinn Sveinsson, Elsa Sigmundsdóttir og Nicole Kristjánsson, ráðgjafar hjá Starfsendurhæfingarsjóðnum *Virk*, kynntu þann sjóð. Einnig var sagt frá dagskrá og sagt frá þingi BSRB sem var framundan. Stefnt er að því

að halda trúnaðamannaskóla BSRB í mars nk. á Akureyri. Skráning stendur yfir.

Aðaltrúnaðarmenn eru: Þuríður Ketilsdóttir Borgarfjarðardeild, Jónína Jóhannesdóttir FOSHÚN deild, Sigurbjörg Björnsdóttir Siglufjarðardeild, Ingvar Páll Jóhannsson Dalvíkurbyggðardeild, Haraldur Tryggvason, STAK deild bærinn, Filippía Ingólfssdóttir, STAK deild ríkið og Sævar Herbertson STAK deild hf. fyrirtæki.

Áfallasjóður KJALAR

Fyrir júlín 2009 voru styrkir veittir til Mæðrastyrksnefndar á Akureyri og Rauða krossdeilda á Dalvík, Hvammstanga og Siglufirði. Þetta er ekki réttindasjóður þar sem félagsmenn ávinna sér réttindi heldur eru félags- og fjárhagslegar aðstæður mögulegra styrkhafa skoðaðar hverju sinni.

BSRB

Aðildarfélög BSRB sameinuðust í kjarasamningsviðræðum við fjármálaráðuneytið á vordögum og stóð sú vinna fram í júlí með undirskrift samninga. Þing BSRB var haldið 21. til 23. okt. en þarna voru 250 þingfulltrúar frá 28 félögum um land allt. Aðalfulltrúar KJALAR voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Bára Garðarsdóttir, Guðbjörg Antonsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Ingunn Jóhannesdóttir, Hulda Magnúsdóttir, Sævar Herbertsson, Haraldur Tryggvason, Guðrún Siglaugsdóttir og Filippía Ingólfssdóttir. Mörg mál voru á dagskrá, ályktanir, tillögur og breytingatillögur frá þeim sjö þingnefndum sem skipaðar höfðu verið. Annað efni var einnig á dagskrá og þar stendur hæst gestafyrirlesarinn Páll Skúla-son heimspekingur.

Þingið einkenndist einnig af nokkurri spennu þar sem formanskjör var á dagskrá, en fráfarandi formaður BSRB Ögmundur Jónasson hefur setið í 21 ár og gaf ekki kost á sér áfram. Formaður KJALAR, Arna Jakobína Björnsdóttir, var í framboði, einnig Árni Stefán Jónsson fyrsti varaformaður BSRB og formaður SFR og Elín Björg Jónsdóttir, annar varaformaður BSRB og formaður FOSS. Elín Björg var kjörin formaður með 53% atkvæða þingfulltrúa.

Á skrifstofu BSRB er rekin viðamikil starfsemi. Starfsmenn þar veita félagsmönnum upplýsingar og þjónustu hver á sínu sérsviði, þjónustu sem stendur öllum opin, jafnt einstökum félögum sem og félagsmönnum. Á skrifstofu BSRB starfa, auk Elínar Bjargar Jónsdóttur formanns, þau: Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri, Ragnar Ingimundarson hagfræðingur, Ásthildur Torfadóttir afgreiðslufulltrúi, Þorleifur Óskarsson sagnfræðingur, Sigurður Á. Friðbjólfsson fræðslu og upplýsingafulltrúi, Jóhanna Þorbergsdóttir afgreiðslufulltrúi og Sonja



Krófuganga 1. maí 2009 á Akureyri.



Nemendur Genfarskóla 2009

Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur. Öllu þessu góða fólki eru þökkuð frábær störf, fyrir hjálpssemi, vinskap og góða þjónustu.

Réttindanefnd BSRB fundaði reglulega á árinu. www.bsrb.is er réttindavefur en þar er að finna álit og niðurstöður réttindanefndar og annað sem nefndin fjallar um hverju sinni og þar er líka að finna svör við ýmsum spurningum sem félagsmenn hafa leitað með til skrifstofu BSRB. Arna Jakobína Björnsdóttir situr í réttindanefnd ásamt sex öðrum fulltrúum BSRB.

Starfandi er fræðslunefnd innan BSRB og er henni ætlað að sinna fræðsluþörf innan BSRB. Jakobína Þórðardóttir er formaður nefndarinnar og fulltrúi KJALAR er Kristín Sigurðardóttir. Heilbrigðis- og velferðarhópur er starfandi og honum stýrir Elín Björg Jónsdóttir. Fulltrúi KJALAR er Guðrún Siglaugsdóttir. Með jafnréttisnefnd BSRB starfar Ingunnur Jóhannsdóttir fulltrúi KJALAR og Þórveig Þormóðsdóttir er formaður hennar.

Aðalfundur BSRB var haldinn þann 20.

nóvember s.l. Á fundinum áttu seturétt um 100 manns frá öllum aðildarfélögum BSRB og sátu fundinn fyrir hönd KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Sævar Herbertsson. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði samkvæmt lögum bandalagsins. Fulltrúar lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, LSR, LSS og SL gerðu grein fyrir stöðu sjóðanna.

BSRB hefur sent fulltrúa í Genfarskólann til fjölda ára. Þetta árið fór Arna Jakobína Björnsdóttir sem fulltrúi BSRB. ASÍ sendir líka einn fulltrúa en það var Jóhanna Rúnarsdóttir stjórnarmaður í VR. Genfarskólinn er fjögurra vikna félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ILO og árlegt vinnuálag sem haldið er í Genf í Sviss í júní ár hvert. Þingið byggir á þriðliða samstarfi fulltrúa stjórnvalda, launafólks og atvinnurekenda. ILO var stofnað 1919. Megin markmið ILO er að standa vörð um réttindi launafólks um heim allan.

Í samþykktum stofnunarinnar er m.a. talað um nauðsyn þess að berjast gegn hvers kyns brotum gegn launafólki og að upp-ræta ofsóknir, pyntingar og fangelsanir stjórnvalda á þeim sem berjast fyrir bættum kjörum verkafólks og taka þátt í kjarabaráttu. Sagan hefur sýnt það að margir þátttakendur í kjarabaráttu hafa mátt þola ótrúlegt harðræði af hálfu stjórnvalda í sínu heimalandi en baráttu gegn slíku ástandi er einn af meginþáttum stofnsamþykktu ILO. Önnur dæmi um samþykktir stofnunarinnar er t.d réttur til verkfalla, jafnrétti kynja til launa, afnám barna- og nauðungarvinnu og félagafrelsi svo eitthvað sé nefnt.

Genfarskólinn fer fram í þremur hlutum en fyrsti áfanginn hófst í Runö í Svíþjóð í apríl en þar er farið yfir námsefnið og stjórnskipun stofnunarinnar skoðuð. Í Svíþjóð völdu nemendur svo verkefni sem tengdust þeim málefnum sem eru til umfjöllunar á ILO þinginu. Markmið skólans er að fræða nemendur um eðli og starfsemi ILO en þetta er ekki hefðbundið skólastofunám. Mestur hluti námsins fer fram samhliða ILO þinginu í Þjóðarhöllinni, þar sem Sameinuðu þjóðirnar eru til húsa en Alþjóða vinnuálagstofnunin er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Verkefni nemenda er að fylgja eftir fastanefndum og fá fólk til að koma í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um þau málefni sem nemana langar að kynna. Þingið hélt einnig upp á 90 ára afmælið sitt í ár og í tilefni þess komu nokkrir þjóðhöfðingjar og heiðruðu þingið með nærveru sinni en á meðal gesta voru forsetar Frakklands, Finnlands, Póllands, Mozambíq og Brasilíu. Annar kennari skólans var Marianna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi ASÍ og mun hún taka við skólastjórstöðu skólans að ári en norræna verkalýðshreyfingin skiptir kennara og skólastjórstöðum á milli sín.

Á vef BSRB www.bsrb.is er að finna ársskýrslu bandalagsins og er þar öllum verkefnum BSRB gerð mjög greinagöð skil.



Fulltrúar starfsmanna á Dalbæ í vöflukaffi hjá rikissáttasemjara fh. Auður og Kristjana.

Styrktarsjóður BSRB

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu er aðili að Styrktarsjóði BSRB sem stofnaður var með samkomulagi við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga og hóf sjóðurinn starfsemi 1. janúar 2001. Samkvæmt samkomulaginu námu iðgjaldagreiðslur 0,3 % af heildarlaunum launþega þeirra aðildarféлага sem að sjóðnum standa, en frá og með 1. janúar 2005 hækkuðu iðgjaldagreiðslur í 0,37% af heildarlaunum en hækkaði svo í 0,55% þegar fæðingarorlofshlutinn kom inn í sjóðinn og frá 1. janúar 2009 fór framlagið í 0,75%. Úthlutanir styrkja úr sjóðnum hófust í janúar 2002.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson St.Rv., formaður stjórnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ), Guðbjörg Antonsdóttir KJÖLUR, Torfi Friðfinnsson Félagi op.starfsmanna á Suðurlandi (FOSS), Þórveig Þormódsdóttir Fél.starfsm. stjórnarráðsins, ritari stjórnar. Varamenn eru Gunnar Richardsson St. Garðabæjar og Guðlaugur Magni Davíðsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS).

Á aðalfundi sjóðsins sem haldinn var í nóvember s.l. flutti formaður, Garðar Hilmarsson skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a fram að Styrktarsjóður BSRB hefur verið í mikilli og stöðugri sókn og sést það vel af fjölgun umsókna á milli ára og aukningu útgjalda frá stofnun sjóðsins. Árið 2005 hóf sjóðurinn að styrkja tannlæknakostnað og á árinu 2006 kaup á heyrnartækjum og var tannlæknakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn á árunum 2005 og 2006. Gífurleg aukning úthlutana vegna sjúkradagpeninga gerir það að verkum að á fyrstu mánuðum ársins 2007 hefur sjóðurinn greitt meira vegna sjúkradagpeninga en vegna tannlæknakostnaðar. Ef litið er á helstu ástæður þeirrar þróunar sem orðið hefur ber fyrst að nefna að félagsmenn og stuðningsaðilar í heilbrigðiskerfinu eru betur upplýstir um þetta úrræði. Fleiri hafa notið veikindaréttar að fullu eða í þrjá mánuði. Ekkert bendir til annars en útgjöld vegna þessa málaflokks komi til með að aukast á næstu misserum miðað við óbreyttar reglur. Allar upplýsingar um sjóðinn, reglugerð, úthlutunarreglur og annað er að finna á vefsíðunni www.styrktarsjodur.bsrb.is Starfsmenn sjóðsins eru þau: Ástríður Jónsdóttir, Lilja Ómarsdóttir og Ólafur Bjarni Andrésson forstöðumaður.

Aðalfundur styrktarsjóðs var haldinn í nóvember sl. en rekstur hans gengur þokkalega. Þetta árið voru ekki gerðar miklar breytingar frá árinu áður.

Lokaorð

Starfsár KJALAR 2009 – 2010 hefur að mestu verið hefðbundið. Tölulegar upplýsingar úr bókhaldi og orlofsárið miðast við almanaksárið, en verkefnaupplýsingar miðast við starfsár stjórnar.

Fjölmargir félagsmenn, sem of langt yrði upp að telja, hafa komið að verki og eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir

störf í þágu félagsins. Margréti og Láru Gunnarsdóttur, sem lét af störfum í ágúst, þakka ég samstafið.


Akureyri í mars 2010

Fyrir hönd stjórnar KJALAR

*Arna Jakobína Björnsdóttir,
formaður*



Arna Jakobína Björnsdóttir.



KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu

KJÖLUR Stéttarfélag

varð 5 ára í maí 2009

Af því tilefni hefur trúnaðarmannaráð ákveðið að efna til afmælisferðar til Hveravalla á Kili, laugardaginn 26. júní 2010 nk.

Félagið býður þar upp á kaffihlaðborð, pylsur og gos fyrir börnin. Nánar um allar tímasetningar síðar.

Skráning á er á heimasíðunni www.kjolur.is

„KJÖLUR fer á Kjöl“.

Fylgist með heimasíðu okkar.

Félagsfundir

Borgarnesi: Arinstofu Landnámssetri þann 18. mars kl. 18:00.

Skagatrönd: Kántrýbæ þann 22. mars kl. 17:00

Siglufirði: Allinn Aðalgötu 30 þann 23. mars kl. 18:00

Dalvík: Menningarhúsið Berg þann 24. mars kl. 17:00

**Dagskrá fundanna er að kynna málefni aðalfundar
og félagsstarfið almennt.**

Aðalfundur KJALAR

verður haldinn þann 25. mars 2010 að Hótel KEA

og hefst fundurinn kl. 18:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Akureyri 3. mars 2010

Stjórn KJALAR

Veitingar verða í boði á öllum fundunum.

Nöfn fundarmanna verða sett í pott og dreginn út glaðningur.